



Fundargerð

Boðandi	Lilja Hrönn Önnudóttir	Dagsetning	31.05.2024
Staðsetning	Hrannarsdóttir Matvælaráðuneytið	Tími	15:00 – 15:45
		Málsnúmer	MAR23110130
Boðuð	Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir og Sigurgeir Bárðarson		
Þátttakendur	Öll mætt		

27. fundur Umhverfissjóðs sjókvíaeldis

1. Minnisblöð

Starfsmaður fór yfir minnisblöð sem stjórn lét útbúa

Bókun: Stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis tók ákvörðun um að halda aukaúthlutun síðar á þessu ári til þess að úthluta því fé sem barst sjóðnum aftur. Stjórn óskaði eftir minnisblaði frá ráðuneytinu þar sem útlistaðar voru þær leiðir sem taldar voru tækar til úthlutunar fésins og var sú leið að halda aukaúthlutun ein þeirra leiða sem kynnt var fyrir stjórn sjóðsins.

2. Yfirferð umsókna

Stjórn sjóðsins tók afstöðu til umsóknar fyrir verkefnið *Stjórn á kynþroska eldislaxa*. Stjórn taldi umsóknina ekki gilda í ljósi þess að umsóknin barst hvorki í gegnum eyðublaðavef stjórnarráðsins né innan umsóknarfrests.

Starfsmanni falið að skrifa drög að svari til umsækjanda.

3. Önnur mál

Starfsmanni falið að hafa samband við matsmenn og óska eftir því að þeir taki að sér mat á umsóknum sem berast sjóðnum í aukaúthlutun.